





# LÍFEYRISSJÓÐIR OG VÖRSLUAÐILAR SÉREIGNARSPARNADAR

3. útgáfa

Ágúst 2021

Fjármálaeftirlitið

SEÐLABANKI ÍSLANDS 2021 | 2

# Efnisyfirlit

Inngangur	4
Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða	5
III. kafli. Lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum	5
VI. kafli. Rekstur, innra eftirlit og innri endurskoðun	5
VII. kafli. Lágmarkstryggingavernd. Fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna lífeyrissjóða	5
VII. kafli A. Viðbótartryggingavernd. Fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna	7
Reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar	8
Reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða	8
Reglur nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða	9

# Inngangur

---

Um lífeyrissjóði gilda lög nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ásamt þeim lögum, reglugerðum og reglum settum á grundvelli þeirra, gilda ýmis sérlög um einstaka sjóði og þætti í starfsemi lífeyrissjóða.

Eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlitsins er að veita almennar leiðbeiningar og lýsa almennri afstöðu stofnunarinnar til túlkunar og fyllingar lagareglna sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila og um fjármálamarkaðinn.

Fjármálaeftirlitið gefur út spurningar og svör til að auka gagnsæi um framkvæmd eftirlits og jafnframt veita eftirlitsskyldum aðilum og öðrum sem efnið varðar meira öryggi við beitingu laga og reglna. Svör við fyrirspurnum sem Fjármálaeftirlitinu berast eru birt hér ef svörin eru talin hafa almenna skírskotun og þannig eiga erindi við fleiri en fyrirspyrjanda. Einnig birtir Fjármálaeftirlitið spurningar og svör verði eftirlitið þess áskynja að leiðbeininga eða túlkana er þörf um starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða um fjármálamarkaðinn.

Skjalið verður endurskoðað reglulega og nýjum spurningum og svörum bætt við eftir þörfum.

# Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

## III. kafli. Lífeyrisréttindi

**Spurning 1:** Hvernig á að skipta innstæðu lífeyrisparnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. milli erfingja?

**Svar 1:** Innstæða látins réttihafa skiptist samkvæmt regl- um erfðalaga nr. 8/1962 á milli eftirtalinna erfingja:

1. Maki skv. 4. tölul. 1. gr. erfðalaga. Maki skv. erfða- lögum telst sá sem gengið hefur í hjúskap með rétt- hafa skv. hjúskaparlögum nr. 31/1993.
2. Börn réttihafa skv. 1. tölul. 1. gr. erfðalaga.
3. Kjörbörn réttihafa skv. 1. mgr. 5. gr. erfðalaga. Kjörbarn telst það sem ættleitt hefur verið skv. lögum um ættleiðingar nr. 130/1999.

Ef grunur leikur á því hvort um brottfall erfðaréttar geti verið að ræða skv. IV. kafla erfðalaga skal vörsluaðili lífeyrisparnaðar rannsaka það áður en innstæðu er skipt milli erfingja.

**Spurning 2:** Er lífeyrissjóði heimilt að greiða afturvirkar lífeyrisgreiðslur?

**Svar 2:** Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. er lífeyrissjóðum ein- göngu heimilt að greiða út ellilífeyri mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Að mati Fjármálaeftirlitsins felst í framangreindu að lífeyrissjóðum er óheimilt að úrskurða sjóðfélögum ellilífeyri aftur í tímann og greiða sem eingreiðslu þegar taka lífeyris hefst.

Vakin er athygli á því að framangreint tekur ekki til þeirra atvika þegar greiðsluskylda lífeyrissjóðs hefur þegar stofnast. Um fyrningu slíkra kröfuréttinda fer skv. lögum um fyrningu kröfuréttinda.

## VI. kafli. Rekstur, innra eftirlit og innri endurskoðun

**Spurning 1:** Hvað felst í skyldu lífeyrissjóðs til að setja sér verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórn- ar hans og starfsmanna?

**Svar 1:** Að mati Fjármálaeftirlitsins felst í framangreindu að lífeyrissjóður komi á og viðhaldi, að breyttum breyt- anda, sambærilegu verklagi og fjármálafyrirtækjum er skylt skv. 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfesta- vernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

**Spurning 2:** Hvenær þarf samþykki stjórnar fyrir atvinnu- rekstri framkvæmdastjóra að liggja fyrir?

**Svar 2:** Framkvæmdastjóri þarf samþykki stjórnar áður en hann hefur þátttöku í atvinnurekstri.

## VII. kafli. Lágmarkstryggingavernd. Fjárfestingarheimildir og fjár- festingarstefna lífeyrissjóða

**Spurning 1:** Nær mótaðilaáhætta skv. 36. gr. c. til lífeyris- sjóðsins í heild eða hvernar einstakrar deildar hans?

**Svar 1:** Með hliðsjón af lögskýringargögnum og verndarhagsmunum ákvæðisins telur Fjármálaeftirlitið 1. - 5. mgr. 36. gr. c. ná til hvernar einstakrar deildar líf- eyrissjóðsins og 6. - 8. mgr. 36. gr. c. ná til lífeyrissjóðsins í heild.

**Spurning 2:** Skal skipta verðbréfasafni að baki hlutdeildar- skírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu á aðra eignaflokka?

**Svar 2:** Ekki skal skipta verðbréfasafni að baki hlutdeildar- skírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu á aðra eignaflokka.

**Spurning 3:** Er heimilt að fjárfesta fyrir herra hlutfall en 20% í sjóðum hjá sama rekstrarfélagi verðbréfasjóða eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða?

**Svar 3:** Ekki er takmörkun á fjárfestingu í sjóðum hjá sama rekstrarfélagi verðbréfasjóða eða rekstraraðila sér- hæfðra sjóða.

**Spurning 4:** Undir hvaða eignaflokk skv. 2. mgr. 36. gr. a. skal eignarhlutur í „private equity“ sjóðum flokkaðir?

**Svar 4:** Eignarhlutur í verðbréfasjóðum (UCITS) skulu flokkaðir undir eignaflokk C. Eignarhlutur í öllum öðrum sjóðum skulu flokkaðir undir eignaflokk E.

**Spurning 5:** Eru afleiður í eignaflokki F skv. 2. mgr. 36. gr. a. einungis afleiður sem fjárfest er beint í?

**Svar 5:** Ekki skal horft í gegnum fjármálagerninga og því eru afleiður í eignaflokki F einungis afleiður sem fjárfest er beint í.

**Spurning 6:** Hvernig getur lífeyrissjóður uppfyllt skyldu sína skv. 5. mgr. 36. gr. c. að tengja saman þá sem tilheyra hópi tengdra viðskiptavina?

**Svar 6:** Í 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. kemur fram að lífeyrissjóður skal byggja fjárfestingar sínar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga. Í 4. tölul. sömu mgr. kemur fram að lífeyrissjóður skal gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.

Fjármálaeftirlitið telur að með viðeigandi greiningu sé m.a. átt við að kanna hvort þau atriði sem fram koma í 24. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eigi við. Ekki er hægt að veita nákvæmar leiðbeiningar hvað þetta varðar þar sem hver og ein fjárfesting getur falið í sér mismunandi upplýsingar sem nauðsynlegt er að kanna. Í viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegan verðbréfamarkað ættu slíkar upplýsingar í flestum tilvikum að koma fram í útboðslýsingu eða öðrum gögnum til fjárfesta. Í viðskiptum með óskráða fjármálagerninga ættu lífeyrissjóðir að kalla eftir þeim gögnum sem gefa þeim hæfilega vissu fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi til að meta áhættu af viðkomandi eign áður en til fjárfestingar kemur. Nauðsynlegt er að hafa viðeigandi eftirlit með viðkomandi fjárfestingum eftir að til fjárfestingar kemur og kalla eftir frekari upplýsingum ef tilefni er til.

**Spurning 7:** Er lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum?

**Svar 7:** Fjármálaeftirlitið telur að fjárfestingar í einkahlutafélögum séu lífeyrissjóðum ekki heimilar þar sem fjárfesting í einkahlutafélögum fellur ekki undir neinn af heimilum eignaflokkum lífeyrissjóða skv. 36. gr. a.

**Spurning 8:** Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo félag teljist eingöngu sinna þjónustuverkefni fyrir lífeyrissjóði skv. 8. mgr. 36. gr. c.?

**Svar 8:** Fjármálaeftirlitið telur að heimildir lífeyrissjóða til að eiga stærri hluta en 20% í hverju félagi, takmarkist af eftirfarandi þáttum:

Félagið verður að sinna þjónustuverkefnum sem útvistað hefur verið frá lífeyrissjóðnum. Til þjónustuverkefna í þessum skilningi eru verkefni eins og verðbréfavíðskipti, eignastýring, iðgjaldaskráning, lífeyrisúrskurðir eða önnur sambærileg þjónusta, sem er hluti af daglegum rekstri lífeyrissjóðs og hagkvæmara er fyrir lífeyrissjóðinn að sinna í sérstöku félagi í hans eigu eða í sameign með öðrum lífeyrissjóðum.

Félagið getur ekki átt eignarhlut að öðrum félögum, sjóðum eða fjármálagerningum og verið ætlað til ávöxtunar á fjármunum lífeyrissjóðsins.

Félagið má eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóði og getur ekki á sama tíma sinnt sömu eða öðrum verkefnum fyrir aðra en lífeyrissjóði.

**Spurning 9:** Er lífeyrissjóðum heimilt að stunda verðbréfalán?

**Svar 9:** Fjármálaeftirlitið telur að heimildir lífeyrissjóða til að ávaxta fé sitt séu tæmandi taldar í VII. kafla og þeim sé því ekki heimilt að stunda verðbréfalán, hvorki sem lánveitandi né lántakandi.

**Spurning 10:** Hvaða skipulegu verðbréfamarkaði innan aðildarríkja Efnahags- og framfara-stofnunarinnar (OECD) eða Evrópska efnahagssvæðisins (EES) teljast viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan?

**Svar 10:** Þeir markaðir sem opnir eru almenningi, starfa reglulega og lúta eftirliti eftirlitsstjórnvalds sem telst vera fullgildur (e. ordinary) meðlimur í alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO) teljast að mati Fjármálaeftirlitsins viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

Framangreind viðurkenning nær eingöngu til skipulegra verðbréfamarkaða í skilningi laga um kauphallir og sambærilegum aðalmörkuðum utan EES.

**Spurning 11:** Hvaða skipulegu verðbréfamarkaði utan aðildarríkja OECD eða EES hefur Fjármálaeftirlitið viðurkennt?

**Svar 11:** Fjármálaeftirlitið hefur að svo stöddu ekki viðurkennt neinn skipulegan verðbréfamarkað utan aðildarríkja OECD eða EES.

## VII. kafli A. Viðbótartryggingavernd. Fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna

**Spurning 1:** Má fjárfestingarleið viðbótartryggingaverndar fjárfesta 100% í hlutabréfum.

**Svar 1:** Já, takmarkanir 1. mgr. 36. gr. b. ná ekki til viðbótartryggingaverndar.

**Spurning 2:** Er heimilt að bjóða upp á fjárfestingarstefnu í viðbótartryggingavernd þar sem undirliggjandi eign er einungis innlán eins viðskiptabanka eða sparisjóðs?

**Svar 2:** Já, takmarkanir 3. mgr. 39. gr. b. ná eingöngu til fjármálagerninga en ekki innlána viðskiptabanka eða sparisjóðs. Að mati Fjármálaeftirlitsins er þó æskilegt að vörsluaðili tilgreini slíkt fyrirkomulag sérstaklega í fjárfestingarstefnu og kynningarefni sínu. Þá veur Fjármálaeftirlitið athygli á því að kostnaður vegna slíks fyrirkomulags kann að koma til skoðunar á grundvelli heilbrigðra og eðlilegra viðskiptahátta.

**Spurning 3:** Er heimilt að bjóða upp á fjárfestingarstefnu í viðbótartryggingavernd þar sem iðgjaldi er ráðstafað á lífeyrisreikning hjá viðskiptabanka eða sparisjóði?

**Svar 3:** Já, takmarkanir 3. mgr. 39. gr. b. ná eingöngu til fjármálagerninga en ekki innlána viðskiptabanka eða sparisjóðs.

**Spurning 4:** Gildir 20% hámark heildareigna í fjármálagerningum sem ekki eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað, að viðbættum 5% heildareigna í fjármálagerningum sem skráðir eru á markaðstorg fjármálagerninga, um hverja deild viðbótartryggingaverndar?

**Svar 4:** Já, skv. 2. mgr. 39. gr. b. gildir 2.-5. mgr. 36. gr. b., að breyttum breytanda, um fjárfestingar þeirra sem veita viðbótartryggingavernd.

**Spurning 5:** Er heimilt að skipta verðbréfasafni að baki sjóðum í fjárfestingarstefnu, markaðsefni og öðru upplýsingaefni til viðskiptavina?

**Svar 5:** Heimilt er að setja þrengri takmarkanir en lög heimila í fjárfestingarstefnu og því unnt að setja fjárfestingarstefnu þannig að verðbréfasafni að baki sjóðum sé jafnframt skipt upp. Markaðsefni og annað upplýsingaefni til viðskiptavina er unnt að setja fram þannig að verðbréfasafni að baki sjóðum sé skipt upp en Fjármálaeftirlitið telur þó æskilegt að birta upplýsingar jafnframt eins og lög gera ráð fyrir svo viðskiptavinum sé kleift að bera markaðsefni mismunandi vörsluaðila saman.

**Spurning 6:** Í hvaða gjaldmiðli á að færa hlutabréf innlendra félaga sem tekin hafa verið til viðskipta í erlendum kauphöllum?

**Svar 6:** Í 1. mgr. 36. gr. d. laga nr. 129/1997 er kveðið á um lífeyrissjóður skuli takmarka gjaldmiðlaáhættu sína með því að tryggja að lágmarki 50% af heildareignum sjóðs séu í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans.

Í því skyni að tryggja að umrætt lagaákvæði nái markmiði sínu telur Fjármálaeftirlitið brýnt að upplýsingar um sundurliðun fjárfestinga séu bókfærðar í sama gjaldmiðli og viðkomandi fjármálagerningur er gefinn út í. Af því leiðir að lífeyrissjóðir skulu skrá hlutafé í þeim gjaldmiðli sem ákvarðaður er í samræmi við samþykktir viðkomandi hlutafélags.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu telur Fjármálaeftirlitið að lífeyrissjóðum beri eftir sem áður að hafa hliðsjón af skynsemisreglu sbr. 1. mgr. 36. gr. Það felur í sér að sjóðurinn getur haft þrengri takmörkun á gjaldmiðlaáhættu en ákvæði 36. gr. d. segir til um og horft til annarra þátta s.s. vægi erlendra starfsemi viðkomandi félags og tilvika þar sem starfrækslugjaldmiðill hlutafélags er í erlendri mynt sbr. 8. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

# Reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar

**Spurning 1:** Hvað er átt við með lágmörkun uppsöfnun áhættu í 3. mgr. 4. gr.?

**Svar 1:** Lágmörkun uppsöfnun áhættu í 3. mgr. 4. gr. skal lesin í samhengi við önnur atriði í málsgreininni. Með umfjöllun um samþjöppun og uppsöfnun áhættu er m.a. átt við samþjöppun útgefenda, atvinnugreina, landssvæðis og samvali eigna og eignaflokka.

**Spurning 2:** Hvað er átt við með eignastýringaaðila í 4. mgr. 4. gr.?

**Svar 2:** Átt er við þann aðila sem sinnir eignastýringu lífeyrissjóðsins, hvort sem það eru starfsmenn lífeyrissjóðs-

ins eða utanaðkomandi eignastýringaraðilar á grundvelli útvistunarsamnings.

**Spurning 3:** Er fullnægjandi að fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs sé eingöngu birt með ársreikningi sjóðsins?

**Svar 3:** Nei, fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs fyrir komandi ár skal birt við fyrsta tækifæri og eigi síðar en 1. desember hvert ár.

**Spurning 4:** Er fullnægjandi að birta samantekt úr fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðs?

**Svar 4:** Nei, fjárfestingarstefna skal birt í heild.

# Reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða

**Spurning 1:** Hver er munurinn á áhættustefnu og áhættustýringarstefnu?

**Svar 1:** Í áhættustefnu kemur fram vilji stjórnar til áhættutöku lífeyrissjóðsins. Í áhættustýringarstefnu kemur fram hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri sjóðsins.

**Spurning 2:** Hvað er átt við með sérstökum aðgerðum í skilgreiningu á áhættuþoli?

**Svar 2:** Átt er við allar þær aðgerðir sem lífeyrissjóður þarf að gera til þess að bregðast við áhættu, t.d. með sölu tiltekinna eigna, uppsögn útvistunarsamnings eða skerðingu réttinda.

**Spurning 3:** Þarf að halda daglega skráningu yfir að áhættustýring hafi fylgst með fylgni lífeyrissjóðsins við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir?

**Svar 3:** Það er á hendi hvers lífeyrissjóðs að móta verklag um eftirlit áhættustýringar með fylgni við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir en ekki er nauðsynlegt að halda daglega skráningu um að verklagi hafi verið fylgt.

**Spurning 4:** Er áhættustýringu heimilt að útvista eftirliti með fylgni við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir til eignastýringar?

**Svar 4:** Nei, ekki er heimilt að útvista eftirliti með áhættu til þess aðila sem tekur áhættuna.



**Spurning 5:** Má starfssvið áhættustjóra heyra beint undir stjórn?

**Svar 5:** Nei. Starfssvið áhættustjóra er hluti af daglegum rekstri sem heyrir undir framkvæmdastjóra. Hins vegar getur stjórn, í starfsreglum stjórnar og erindisbréfi til framkvæmdastjóra, skilgreint nánar stefnu og fyrirmæli til framkvæmdastjóra um þessi efni, s.s. að stjórn skuli samþykkja ráðningu áhættustjóra.

**Spurning 6:** Á að tilkynna um öll brot á skilgreindum mörkum áhættu skv. a. lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar til Fjármálaeftirlitsins?

**Svar 6:** Nei, eingöngu skal tilkynna um alvarleg brot á mörkum áhættu. Það er á ábyrgð lífeyrissjóðs að meta hverju sinni hvort brot telst alvarlegt brot.

## Reglur nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða

---

**Spurning 1:** Er lífeyrissjóði heimilt að selja skuldabréf sem hann hefur tilgreint að haldið skuli til gjalddaga?

**Svar 1:** Að mati Fjármálaeftirlitsins er lífeyrissjóði heimilt að selja skuldabréf sem hann hefur tilgreint að haldið skuli til gjalddaga. Ásetning um að halda skuldabréfi til gjalddaga skal byggja á skjalfestum áætlunum, stefnum og verklagsreglum sem lífeyrissjóður setur sér vegna fjárfestinga í skuldabréfum, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, með áorðunum breytingum. Tíð viðskipti úr floknum samræmast ekki ásetningi lífeyrissjóðs um ætlan að halda fjáreign til að safna samningsbundnu sjóðstreymi. Þannig geta viðskipti með bréf sem flokkuð eru sem haldið til gjalddaga kallað á að endurflokka þurfi öll viðeigandi skuldabréf.

**Spurning 2:** Hefur gildistaka IFRS 9 áhrif á reikningsskil lífeyrissjóða?

**Svar 2:** Fjármálaeftirlitið lítur svo á að tilvísun til alþjóðlegra reikningsskilastaðla í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða sé m.a. tilvísun til IFRS 9 frá og með 1. janúar 2018.

**Spurning 3:** Samkvæmt tilkynningu frá Seðlabanka Íslands mun birting á kaup- og sölugengi leggjast af frá og með 1. apríl 2020. Við hvaða gengi skal miða við í ljósi þessa?

**Svar 3:** Í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 er kveðið á um að eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar á opinberu gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir sbr. 32. reglnanna. Frá og með 1. apríl 2020 verður sú breyting gerð að Seðlabankinn mun eingöngu birta skráð miðgengi allra gjaldmiðla sem bankinn skráir og verður það þá opinbert viðmiðunargengi. Með hliðsjón af framangreindu skulu eignir og skuldir í erlendri mynt því umreiknaðar miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands frá 1. apríl n.k.

